

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *46. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 6. nóvember 2008, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Tilnefning fulltrúa í Héraðsnefnd.
3. Erindi frá Sýslumanni dags. 17. okt. um leyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni til reksturs gistingar í tveimur íbúðum að Birkihrauni 5 og 7.
4. Erindi frá Sýslumanni dags. 23. okt. um endurnýjun á leyfi til handa Ásmundi Kristjánssyni til rekstus gistingar að Stöng I.

### Til kynningar:

Fundargerð aðalfundar Eypings dags. 3 og 4 okt.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 15. okt.

Fundargerð Héraðsnefndar Þing. dags. 27. okt.

Ályktun frá Vinnumarkaðsráði Vinnumálast. Ne. dags. 29. okt.

Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 21. okt.

Mættir: Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund.

**2. Tilnefning fulltrúa í Héraðsnefnd.**

Vegna breytinga á samþykktum Héraðsnefndar þarf að tilnefna að nýju fulltrúa í nefndina.

Fulltrúi Skútustaðahrepps er Margrét Hólm aðalmaður og til vara Guðrún María.

**3. Erindi frá sýslumanni dags. 17. okt. um leyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni til reksturs gistingar í tveimur íbúðum að Birkihrauni 5 og 7.**

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á leyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni til reksturs gistingar, flokkur II, í tveimur íbúðum að Birkihrauni 5 og 7.

Sveitarstjóra falið að grenndarkynna erindið í samræmi við lokamálsgrein 43. gr. skipulags- og byggingalaga sem er svo hljóðandi:

*“Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. [Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.]<sup>1)</sup>”*

**4. Erindi frá sýslumanni dags. 23. okt. um endurnýjun á leyfi til handa Ásmundi Kristjánssyni til rekstus gistingar að Stöng I.**

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjun á leyfi til handa Ásmundi Kristjánssyni til reksturs gistingar, flokkur V, að Stöng I. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir.